

## Fundargerð stjórnar

\*\*\*\*\*

**80. fundur stjórnar Brunavarna Árnassýslu (BÁ) haldinn mánudaginn 29. janúar, 2007 að Austurvegi 52, Selfossi. (Skrifstofu slökkviliðsstjóra)**

**Mættir:**

**Margrét K. Erlingsdóttir, formaður, og Snæbjörn Sigurðsson og Ólafur F. Leifsson.**

**Einnig mætti á fundinn: Börkur Brynjarsson, verkfræðingur, Sigurður Sigurjónsson, lögfræðingur og Kristján Einarsson, slökkviliðsstjóri sem ritaði fundargerð.**

**Formaður bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 10.30**

**1. Húsnæðismál slökkviliðs. (Björgunarmiðstöðin)**

**a)** Börkur Brynjarsson, verkfræðingur skýrir útreikninga á rýmisþörf slökkviliðs hvað varðar nýtt eða annað húsnæði.

Fram kom að slökkviliðinu nægir 770-800 m<sup>2</sup> húsnæði undir starfsemi sína. Er það í samræmi við þarfagreiningu sem slökkviliðsstjóri lagði fram í upphafi vinnuferils um byggingu Björgunarmiðstöðvar.

Í dag eru fyrirhuguð stærð húsnæðis sem slökkviliðinu er ætlað í Björgunarmiðstöðinni hátt í 1200 m<sup>2</sup>.

Í útreikningum Barkar er ekki gert ráð fyrir starfsemi sjúkraflutninga í húsnæðinu en Börkur telur að ekki sé vankvæðum bundið að byggja hús sem hefur stækkunarmöguleika á ýmsa vegu ef þörf krefur.

**b)** Sigurður Sigurjónsson, lögfræðingur frá Lögmönnum á Suðurlandi fór yfir viljayfirlýsingu BÁ við Björgunarfélag Árborgar um leigu á húsnæði í fyrirhugaðri Björgunarmiðstöð.

Farið var yfir vinnuferil málsins frá upphafi og fundargerðir stjórnar BÁ og Vinnuhóps slökkviliðsins ræddar.

Umræður urðu um umferðagreiningu sem liggur fyrir til umsagnar og áskoranir frá slökkviliðsmönnum í ferli málsins.

Ákveðið að biðja Sigurð að skoða málið frekar með hliðsjón af fyrri ákvörðunum í ljósi þess að upphafleg stærðarákvörðun var rúmlega 800 m<sup>2</sup>. Að lokinni þeirri vinnu verður efnt til stjórnarfundar.

**Ekki fleira gert og fundi slitið kl. 12.10**

**Margrét K. Erlingsdóttir, Snæbjörn Sigurðsson, Ólafur F. Leifsson  
Kristján Einarsson**